

19.2. Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Tálknafjarðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Tálknafjarðarhöfn nr. 43/1970, ásamt breytingu nr. 123/1975.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri.

Bifreiðastöður verða leyfðar á Skipagötu á 13 stæðum við vesturbrún götunnar, þar sem settir verða upp stöðumælur. Einnig verða settir upp stöðumælur á 20 stæði í vestustu röð á bifreiðastæðinu austan Skipagötu.

Stöðumælagjaldið hefur verið ákveðið kr. 10 fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur og hámarkstími 1 klst.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi eldri andstæðar reglur um umferð á Akureyri.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 21. mars 1989.

Elías I. Eliasson.

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti, sem segir í 2. grein.